

Mál nr. 73/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Vátryggingartaki (A)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 15. febrúar, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. febrúar 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið hafnað um bætur á tjóni á ökutæki hans sem hafi orðið í kjölfar viðgerðar á sjálfskiptingu þegar millikassi losnaði frá og olli skemmdum á öxlum, drifskaftri og festingum á millikassa. M hafi orðið fyrir tjóninu 22. nóvember 2023 en A hafi gert við sjálfskiptinguna á lok febrúar 2023. M hafi stöðvað ökutækið á gatnamótum og þegar hann hafi tekið af stað hafi heyrst smellur þegar millikassinn hafi snúist og skemmt drifskaftri upphengju og öxla og allt farið að titra. M vísar til umsagnar A til V um að verkstæðið hafi reynslu af því að boltar sem festa millikassa hafi verið að losna í þessari tegund bifreiða og að verkstæðið viti hvaða ástæður séu fyrir því. Verkstæðinu hafi þannig verið sérstaklega kunnugt um vandamál af þessum toga í bifreiðum sem þessum. Það væri því rétt að gera þeim sem kaupir dýra viðgerð á sjálfskiptingu þar sem millikassinn er fjarlægður grein fyrir því að æskilegt geti verið að skipta um upphengju enda blasi við að hún hafi verið léleg þegar viðgerðin fór fram og vísað er til þessa tjónið hafi orðið um 5 þúsund km eftir viðgerð. Þá hefði verið rétt að ganga frá boltunum í millikassa með þeim hætti að límdir væru eins og venja sé með bolta sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir því að losna.

Í bréfi V er vísað til tölvupósts A til félagsins þar sem fram kemur að A hafi farið yfir myndir sem hann hafi fengið sendar. Hans mat sé að tjónið felist í brotnum festingum á millikassa við sjálfskiptinguna sem hann skrúfaði úr bifreiðinni og aftur í. Einnig séu farnar öxulhosur og öxulupphengja og drifskaftri til afturdrifs. Allir þessir hluti hafi verið í lagi þegar hann hafi skilað bifreiðinni af sér. Þannig telur A að tjónið sé ekki að rekja til mistaka hans heldur að líklegasta skýringin sé að upphengja á öxli hafi gefið sig með þeim afleiðingum að "víbringur" hafi myndast sem hafi svo leitt til þess að boltarnir hafi losnað. Fram kemur í bréfinu að engin gögn liggi fyrir sem sýni fram á orsök tjónsins og að gegn neitun A verði að teljast ósannað að A hafi vanhert bolta sem héldu sjálfskiptingunni uppi eða að tjónið verði að öðru leyti rakið til mistaka við vinnu hans.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort tjón á ökutæki M sem varð 22. nóvember 2023 sé að rekja til viðgerðar A á sjálfskiptingu í ökutækinu í lok febrúar 2023. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreið hans sé rakið til saknæmra og ólögðmætra athafna eða athafnaleysis A eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber á.

Það liggja ekki fyrir nein gögn í málinu sem sýna hverjar voru orsakir þess að millikassinn losnaði frá í nóvember 2023. Ekki liggur heldur fyrir úttekt á vinnu A eða mat óháðra aðila um orsakir tjónsins. Hallan af slíkum sönnunarskorti ber M með hliðsjónum af fyrrnefndum sönnunarreglum. Með vísan til þess ber V ekki bótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. apríl 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir